

Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um mannanöfn nr. 45/1996, með síðari breytingum (mannanafnanefnd, ættarnöfn o.fl.) - 389. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 19. febrúar 2015, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um mannanöfn nr. 45/1996, með síðari breytingum (mannanafnanefnd, ættarnöfn o.fl.), 389. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

Í upphafi telur Barnaverndarstofa rétt að taka fram að stofan er sammála því meginmarkmiði frumvarpsins að auka frjálstræði á þessu sviði. Stofan telur þó rétt að vekja athygli á því að mikilvægt er að hægt sé að grípa inn í nafngiftir barna í þeim tilvikum þar sem nafnið getur orðið barninu til ama. Þrátt fyrir að um sárafá dæmi sé að ræða þá er hefur verið um mikilvæg mál að ræða fyrir þau börn sem þau mál varða. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu þá er nafn nátengt sjálfsmýnd og sjálfsvitund fólks. Þess vegna skiptir miklu máli að börnum séu ekki gefin nöfn sem ætla má að hafi slæm áhrif á þeirra sjálfsmýnd og sjálfsvitund um aldur og ævi. Miklu máli skiptir að nafngiftin frá upphafi sé þannig að sú ákvörðun sé ekki til þess fallin að valda barninu sálrænu og tilfinningalegu tjóni.

Barnaverndarstofa telur því mikilvægt að hægt sé að stöðva slíkar nafngiftir, enda er það almennt viðurkennt, bæði af dómstólum hér á landi sem og alþjóðlegum og/eða fjölþjóðlegum mannréttindasnefndum og -dómstólum að friðhelgi einkalífs, heimili og fjölskyldu sé ekki án takmarkana og hægt sé að takmarka það friðhelgi vegna ríkari hagsmuna annarra. Bendir Barnaverndarstofa m.a. á í þessu samhengi að börn eiga samkvæmt 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar og sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, rétt á þeirri vernd sem velferð þeirra krefst. Í þessu felst m.a. að löggjafanum ber að tryggja að börn njóti þeirrar verndar að hægt sé að koma í veg fyrir að þeim séu gefin nöfn sem eru þeim til ama hafi þannig neikvæð áhrif á framtíð þeirra og sjálfsmýnd. Telur Barnaverndarstofa því mikilvægt að löggjafinn feli einhverjum opinberum aðila áfram þetta hlutverk þrátt fyrir að mannanafnanefnd verði lögð niður.

Barnaverndarstofa veitir allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllst
f.h. Barnaverndarstofu



Heiða Björg Pálmadóttir
lögfræðingur Barnaverndarstofu